

Skólaráð 31. maí 2021

Opinn fundur, haldinn á Teams

Mættir úr skólaráði: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Aðalsteinn Möller og Eva Sjöfn Helgadóttir fulltrúar foreldra, Sigrún Eypórsdóttir og Rósa Björk Guðnadóttir fulltrúar kennara, Iðunn Haraldsdóttir fulltrúi starfsmanna, Auður Sigrúnardóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

1. Niðurstöður kannanna sem lagðar voru fyrir skólaárið 2020 – 2021

Niðurstöður allra kannana fara til úrvinnslu og fara í skýrslu um innra mat skólans þar sem úrbótaáætlanir eru birtar, tímasettar og svo metnar.

Helstu kannanir eru viðhorfakannanir Skólapúlsins meðal nemenda og í ár einnig meðal foreldra. Aðrar kannanir eru eineltiskannanir, tengslakannanir, umræður úr nemendaráðum skólans, mat kennara og nemenda á þema á elsta stigi o.fl.

Niðurstöður Skólapúlsins – nemendakönnun

Farið yfir niðurstöður um virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda.

Niðurstöður Skólapúlsins – foreldrakönnun

Farið yfir niðurstöður um ánægju foreldra um nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf, heimastuðning og ánægju með viðbrögð í Covid-19.

Um mötuneyti og matseðil: frá og með næsta skólaári verður alltaf boðið upp á grænmetisrétt sem hliðarrétt. Hefur verið í vetur, en allir nemendur verða upplýstir um það næsta haust.

Frá foreldri; ánægja með þennan valkost, barnið ánægt með að hafa val.

Um foreldraviðtöl: þetta skólaárið voru aðeins fjarviðtöl: ekki auðvelt að lesa úr niðurstöðum hvort það fyrirkomulag hefur áhrif á niðurstöður eða hvort það eru viðtölin sjálf.

Um viðbrögð skólans við Covid: mikil ánægja þó vissulega hafi allir starfsmenn skólans fundið fyrir áhrifum þess á skólastarfið. Húsnæði skólans hjálpaði mjög til við sóttvarnir og hólfaskiptingu.

2. Fjárhagsstaða skólans

Staða skólans við lok skólaársins er réttu megin við núllið – skólinn er rúmar fjórar miljónir í plús en það er ekki markmið að skila afgangi heldur að vera sem næst núllinu.

3. Önnur mál

- Nemendum hefur fjölgað töluvert í vetur og enn fjölgar fyrir næsta skólaár.
- Tvær nýjar skólastofur verða settar í Hallargarðinn í sumar vegna stöðugar fjölgunar.
- Framkvæmdir verktaka við nýja skólabyggingu hefjast í júlí.

Frá fulltrúa foreldraráðs: ef fjölgun heldur áfram í þeim takti sem hún er núna, hvernig getur skólinn brugðist við því hvað varðar húsnæði?

Það verður snúið, þessar tvær kennslustofur sem við fáum núna leysa töluvert en húsnæðið ræður ekki við mikla fjölgun frá ári til árs.

Skólaráði þakkað gott samtarf á þessu skólaári.

Fundi slitið

Ritari: Sigrún Valdimarsdóttir, aðstoðarskólastjóri